

REGLUGERÐ
um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 911/2004
um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000
að því er varðar eyrnamerkir, vegabréf og jarðabækur.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2009 frá 1. maí 2010 öðlast eftirfarandi EB-gerðir gildi hér á landi:

- Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 911/2004 frá 29. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 að því er varðar eyrnamerkir, vegabréf og jarðabækur.
- Reglugerð ráðsins nr. 1792/2006 frá 23. október 2006 um aðlögun tiltekinna reglugerða og ákvarðana á sviði frjálsra vörufloftinga, frjálsrar farar fólks, stefnu í samkeppnismálum, landbúnaðar (heilbrigðislöggjafar á sviði dýra og dýraafurða og löggjafar á sviði plöntu-heilbrigðis), fiskveiða, stefnu í flutningamálum, skattlagningar, hagskýrslna, félagsmála-stefnu og atvinnumála, umhverfismála, tollabandalags og samskipta við önnur ríki, vegna aðildar Búlgaríu og Rúmeníu, að því leyti sem gerðin breytir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 911/2004.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 911/2004 er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1792/2006 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 31, frá 17. júní 2010, bls. 48.

3. gr.

Tilvísanir í gerðum sem tilgreindar eru í 1. gr. er varða ákvæði í hinni sameiginlegu landbúnaðarlöggjöf Evrópusambandsins (CAP) gilda ekki við framkvæmd reglugerðar þessarar. Efnisákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1792/2006 eru einungis innleidd að því marki sem þau varða dýra-heilbrigði í samræmi við 1. kafla, 1. viðauka EES-samningsins.

4. gr.

Eftirfarandi bætist við í I. viðauka í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 911/2004.

„Ísland	IS
Noregur	NO“

5. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 93/1995 um matvæli.

6. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt XI. kafla laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

Nr. 969

11. október 2011

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli og 17. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. og öðlast gildi 1. nóvember 2011.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 11. október 2011.

Jón Bjarnason.

Baldur P. Erlingsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 911/2004**

frá 29. apríl 2004

um framkvæmd reglugerðar Evrópubingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 að því er varðar eyrnamerkí, vegabréf og jarðabækur

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 frá 17. júlí 2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 820/97⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 7. gr. og a-, b- og c-lið 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2629/97 frá 29. desember 1997 um nákvæmar reglur um beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 820/97 að því er varðar eyrnamörk, jarðaskrár og auðkennisskíteini (vegabréf) á grundvelli kerfis fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa⁽²⁾ hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum. Til glöggvunar og samræmingar á löggjöf Bandalagsins skal setja þessar reglur saman í eina gerð. Til samræmis við það skal reglugerð (EB) nr. 2629/97 felld úr gildi og þessi reglugerð koma í hennar stað.
 - 2) Eyrnamerkí skulu innihalda upplýsingar um uppruna-aðildarríki ásamt upplýsingum um einstök dýr. Hagkvæmasta kerfisbundna formið fyrir slíkar upplýsingar er tveggja stafa landskóðiinum ásamt að hámarki 12 tölustöfum. Leyfa má strikamerki til viðbótar við landskóðann og að hámarki 12 tölustafi.
 - 3) Rétt er að taka tillit til erfiðleikanna sem lögbær yfirvöld tiltekinna aðildarríkja hafa bent á varðandi kóðann til auðkemningar nautgripa og leyfa þeim yfirvöldum að nota eyrnamerkí sem innihalda alstafakóða þar til aðlögunartímabilinu lýkur. Auk þess er rétt að taka tillit til erfiðleikanna sem lögbært yfirvald á Ítalíu benti á og leyfa því yfirvaldi að nota að hámarki þrjá viðbótarstafi, að því tilskildu að þessir aukastafir myndi ekki hluta af tölulega kóðanum.
 - 4) Til að komast hjá erfiðleikum í viðskiptum með nautgripi innan Bandalagsins og til að gera nágildandi reglur greinilegri er nauðsynlegt að heimila þeim umsjónarmönnum dýra, sem þess óska, og með skírskotun til innlendra ákvæða að verða sér fyrir fram úti um það magn eyrnamerkja sem þeir þurfa á að halda á tímabili sem er eitt ár hið mesta.
- 5) Rétt er að kveða á um hvaða upplýsingar ber að tilgreina í þeim eyrnamerkjum sem koma í stað eyrnamerkja sem hafa glatlast.
- 6) Rétt er að skilgreina tilgreindar, samræmdir lágmarksreglur um hönnun og útlit eyrnamerkjanna.
- 7) Ákvæði varðandi efni upplýsinganna í eyrnamerkjunum skal endurskoða með hliðsjón af tilkomu tölvuvædda gagnagrunninsins, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1760/2000.
- 8) Upplýsingarnar í vegabréfinu og í jarðabókunum eiga að vera á formi sem gerir það kleift að rekja dýrin.
- 9) Upplýsingarnar skulu vera í samræmi við þær upplýsingar sem eiga að koma fram í tölvuvædda gagnagrunnimum, sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín⁽³⁾.
- 10) Frestur á bilinu þrír til sjö dagar, sem aðildarríkin ákveða fyrir umsjónarmenn til að tilkynna um flutninga, fæðingar og dauða dýra, skal tengdur dagsetningu atburðarins. Þó er rétt að taka tillit til þeirra erfiðleika sem aðildarríkin hafa bent á varðandi tilkynningar um fæðingar áður en fresturinn rennur út og heimila aðildarríkjum af þessum sökum að ákvarða frestinn frá þeim degi þegar dýrið er eyrnamerk.
- 11) Taka ber tillit til þeirra erfiðleika sem aðildarríkin hafa bent á varðandi upplýsingarnar sem koma skulu fram í vegabréfunum sem fylgja nautgripum sem eru fæddir fyrir 1. janúar 1998. Einnig skal taka tillit til erfiðleikanna sem bent var á meðan á undirbúningi aðildar Tékklands, Eistlands, Kýpur, Lettlands, Litháens, Ungverjalands, Möltu, Póllands, Slovensku og Slóvakíu stóð, að því er varðar vegabréf sem fylgja dýrum sem eru fædd fyrir 1. janúar 2004.

⁽¹⁾ Stjórd. EB L 204, 11.8.2000, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með aðildarlögum frá 2003.

⁽²⁾ Stjórd. EB L 354, 30.12.1997, bls. 9. Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögum frá 2003.

⁽³⁾ Stjórd. EB L 121, 29.7.1964, bls. 1977/64. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 21/2004 (Stjórd. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8). 12)

Nr. 969

- 12) Rétt er að valfrjálst sé að tilgreina tilteknar upplýsingar í vegabréfunum sem fylgja með nautgripum sem eru fæddir fyrir 1. janúar 1998 og nautgripum sem eru fæddir fyrir 1. janúar 2004 í Tékklandi, Eistlandi, Kýpur, Lettlandi, Litháen, Ungverjalandi, Möltu, Póllandri, Slóveníu eða Slóvakíu. Þessi undanþága hefur þó ekki áhrif á þá kvöld að tilgreina þessar tilteknar upplýsingar í vegabréfi nautgripa sem fæðast á yfirráðasvæði aðildarríkis þar sem gert er ráð fyrir slíkri kröfum í innlendum reglum.
- 13) Í ljósi eftirlitsráðstafana í tengslum við aðstoðarkerfi Bandalagsins sem náðsynlegt að vegabréfið innihaldi ákveðnar upplýsingar í tengslum við framlög sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1254/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu markaðar fyrir nauta- og kálfakjöt⁽¹⁾.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um Próunar- og ábyrgðasjóð evrópsks landbúnaðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ PESSA:

I. KAFLI

Eyrnamerki

1. gr.

1. Á eyrnamerkjum skulu koma fram nafn og kóði eða kennimerki lögbæra yfirvaldsins sem úthlutaði eyrnamerkinu og stafnir sem kveðið er á um í 2. mgr.
2. Stafnir sem mynda auðkenniskóðann á eyrnamerkinu eiga að vera sem hér segir:
 - a) fyrstu tveir stafnir skulu auðkenna aðildarríki bújarðarinnar þar sem dýrið var fyrst auðkennt; í þeim tilgangi skal nota tveggja stafa landskóðana sem settir eru fram í I. viðauka,
 - b) stafnir sem koma á eftir landskóðanum skulu vera tölustafir og ekki fleiri en 12; Spánn, Írland, Ítalíu, Portúgal og Breska konungsrikjö mega þó halda sínu kerfi með alstafakóða fyrir tölvustafina 12, sem koma á eftir landskóðanum, að því er varðar dýr á Spáni, Írlandi, Ítalíu og Portúgal sem eru fædd fyrir 31. desember 1999 og að því er varðar dýr í Breska konungsveldinu sem eru fædd fyrir 30. júní 2000.
3. Auk upplýsinganna, sem kveðið er á um í 1. mgr., má lögþundið yfirvald leyfa strikamerki.
4. Þrátt fyrir takmörkun á fjölda stafa, sem mælt er fyrir um í b-lið 2. mgr., má lögbaert yfirvald á Ítalíu nota að hámarki þrjá viðbótarstafi á eftir þeiri stafarunu sem kveðið er á um í þeiri

(1) Stjórd. EB L 160, 26.6.1999, bls. 21. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1782/2003 (Sjáð. ESB L 270, 21.10.2003, bls. 1).

11. október 2011

málsgrein. Þó skulu þeir stafir ekki mynda hluta af auðkenniskóðanum sem fjallað er um í 2. mgr.

5. Þeim umsjónarmönnum dýra, sem þess óska, skal heimilt, með skírkotun til gildandi innlendra ákvæða, að verða sér fyrir fram úti um það magn eyrnamerkja sem þeir þurfa á að halda á tímabili sem er eitt ár hið mesta. Lögbaer yfirvöld mega ekki fyrirfram láta bújarði, þar sem ekki eru fleiri en fimm skepnur, fá meira en fimm sett af eyrnamerkjum.

6. Ef eyrnamerki týnast má koma fram á eyrnamerkjunum, sem koma í stað þeirra týndu, auk upplýsinganna sem er kveðið á um og aðgreint frá þeim, merki í rómverskum tölustöfum sem segir til um útgáfunúmer eyrnamerkisins sem kemur í staðinn. Í því tilvik skal auðkenniskóðinn, sem kveðið er á um í 2. mgr., haldast óbreyttur. Á eyrnamerkjum, sem koma í stað eyrnamerkja sem glatast og aðildarríki notar á dýr sem fæðast í öðru aðildarríki, skal koma fram a.m.k. sami auðkenniskóðinn, auk kóða eða kennimerkis lögbæra yfirvaldsins sem gaf það út.

2. gr.

Eyrnamerki skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

- a) þau skulu vera úr sveigjanlegu plastefni,
- b) ekki má vera hægt að falsa þau og þau skulu vera auðlaesileg á líftíma dýrsins,
- c) þau skulu ekki vera endurnýtanleg,
- d) þau skulu hönnuð þannig að þau haldist á dýrinu án þess að skaða það,
- e) á þeim skulu einungis vera áletranir sem ekki er hægt að afmá eins og kveðið er á um í 1. gr.

3. gr.

Um fyrirmynndina að fyrsta eyrnamerkinu gildir eftirfarandi:

- a) það skal samanstanda af tveimur hlutum, karlhluta og kvenhluta,
- b) hvor hluti eyrnamerkisins skal einungis innihalda upplýsingarnar sem kveðið er á um í 1. gr.,
- c) lengd eyrnamerkisins skal vera a.m.k. 45 mm fyrir hvorn hluta,
- d) breidd eyrnamerkisins skal vera a.m.k. 55 mm fyrir hvorn hluta,
- e) stafnir skulu vera a.m.k. 5 mm á hæð.

4. gr.

Aðildarríkin geta valið annað efni eða fyrirmynnd fyrir seinna eyrnamerkið og geta ákveðið að bæta við frekari upplýsingum, að því tilskildu að kröfurnar um upplýsingarnar, sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 1. gr., séu uppfylltar.

Nr. 969

5. gr.

Aðildarríkin skulu senda hvert öðru og framkvæmdastjórminni fyrirmynningina að fyrra og seinna eymamerkinu eins og kveðið er á um í 3. og 4. gr.

II. KAFLI

Vegabréf og jarðabækur

6. gr.

1. Í vegabréfinu skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

- a) upplýsingarnar, sem um getur í fyrsta til sjöunda undirlið 1. liðar C-liðar í 3. mgr. 14. gr. tilskipunar 64/432/EBE,
- b) upplýsingarnar, sem kveðið er á um í:
 - i. öðrum undirlið 2. liðar C-liðar í 3. mgr. 14. gr. tilskipunar 64/432/EBE, eða
 - ii. fyrsta undirlið 2. liðar C-liðar í 3. mgr. 14. gr. ef gagnagrunnurinn, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1760/2000, er að fullu starfhæfur,
- c) undirskrift umsjónarmanns eða umsjónarmanna dýra, að undanskildum flutningsaðila; þegar gagnagrunnurinn er að fullu starfhæfur, eins og kveðið er á um í fyrsta undirlið 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1760/2000, skal einungis leggja fram undirskrift síðasta umsjónarmanns,
- d) nafn yfirvaldsins sem gefur vegabréfið út,
- e) útgáfudagur vegabréfsins.

2. Með fyrirvara um kafla I.A.1 í viðauka við tilskipun ráðsins 91/628/EBE um verndun dýra í flutningi⁽¹⁾ má flytja kálf sem er yngri en fjögurra vikna, að því tilskildu að nafl hans sé gróinn. Í slíkum tilvikum mega aðildarríkin kveða á um að honum fylgi tímabundið vegabréf þar sem fram koma a.m.k. þær upplýsingar sem eru settar fram í 1. mgr. á sniði sem lögbaert yfirvald samþykkir.

Fyrsti umsjónarmaður kálfssins skal gefa tímabundna vegabréfið út og hver umsjónarmaður eftir það, að flutningsaðilum undanskildum, skal fylla það út. Umsjónarmaður skal leggja fram tímabundna vegabréfið hjá lögbaeru yfirvaldi áður en dýrið verður fjögurra vikna gamalt eða innan sjö daga eftir að dýrið drept eða er slátrað áður en það verður fjögurra vikna. Ef kálfurinn er enn lífandi skal lögþundið yfirvald gefa út endanlegt vegabréf, í samræmi við 1. mgr., innan 14 daga eftir móttökum tímabundna vegabréfsins. Í endanlegt vegabréf skal skrá upplýsingar um alla fyrri flutninga á kálfinum eins og þeir eru skráðir í tímabundna vegabréfið.

(1) Stjórið. EB L 340, 11.12.1991, bls. 17. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 806/2003 (Stjórið. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 1).

11. október 2011

Kálfinn má ekki flytja oftar en tvívar milli bújarða ásamt tímabundna vegabréfinu. Að því er varðar þessa málsgrein skal flutningur milli tveggja bújarða gegnum markað eða kálfasöfnunarstöð teljast sem einn flutningur, að því tilskildu að markaðurinn eða kálfasöfnunarstöðin geti lagt fram hjá lögbaeru yfirvaldi, sé þess óskað, ítarlega skyrslu um viðskiptin sem fóru fram hjá markaðnum eða kálfasöfnunarstöðinni.

3. Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. eru upplýsingarnar, sem kveðið er á um í öðrum og fimmum undirlið 1. liðar C-liðar í 3. mgr. 14. gr. tilskipunar 64/432/EBE, ekki skyldubundnar í vegabréfum fyrir nautgripi sem eru feeddir fyrir 1. janúar 1998. Undanþágan, sem kveðið er á um í þessari málsgrein, hefur ekki áhrif á þá kvöð að tilgreina fyrrgreindar upplýsingar þar sem kveðið er á um slíka kröfú í innlendum reglum. Aðildarríkin skulu tilkynna hvert öðru og framkvæmda-stjórminni um þær reglur sem er beitt á skilvirkan hátt að því er varðar upplýsingarnar sem um getur í þessari málsgrein.

4. Að því er varðar Tékkland, Eistland, Kýpur, Lettland, Litháen, Ungverjaland, Möltu, Pólland, Slóveniú og Slóvakíu skal undanþágan, sem kveðið er á um í 3. mgr., gilda um nautgripi sem eru fæddir fyrir 1. janúar 2004.

7. gr.

Auk upplýsinganna, sem um getur í 6. gr., skal bæta við eftirfarandi upplýsingum um framlög vegna karldýra, eins og kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1254/99, í vegabréfið:

- a) umsókn eða styrkur: fyrsti aldurshópur,
- b) umsókn eða styrkur: annar aldurshópur.

8. gr.

Jarðabókin, sem er færð á hverri bújörð, skal a.m.k. innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- a) uppfærðar upplýsingar sem kveðið er á um í fyrsta til fjórða undirlið 1. liðar C-liðar í 3. mgr. 14. gr. tilskipunar 64/432/EBE,
- b) dauðadægur dýrsins á bújörðinni,
- c) þegar um er að ræða dýr sem eru flutt brott af bújörðinni: nafn og heimilisfang umsjónarmanns, að flutningsaðila undanskildum, eða auðkenniskóða bújarðarinna sem dýrið er flutt á, ásamt brottfarardegi,
- d) þegar um er að ræða dýr sem koma á bújörðina: nafn og heimilisfang umsjónarmanns, að undanskildum flutningsaðila, eða auðkenniskóða bújarðarinna sem dýrið var flutt af, ásamt komudegi,
- e) nafn og undirskrift fulltrúa lögbærs yfirvalds, sem skoðaði skrána, og dagsetningu skoðunar.

Nr. 969

9. gr.

Þegar um er að ræða fæðingar er aðildarríkjum heimilt, við ákvörðun frests sem er á bilinu þrír til sjö dagar og umsjónarmaður hefur til að tilkynna um atburði, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1760/2000, að nota dagsetninguna þegar dýrið var merkt í stað fæðingardags sem upphafsdag fyrir frestinn sem um ræðir, að því tilskildu að engin hætta sé á að ruglingur fylgi þessum dagsetningum í neinum skjölum.

10. gr.

Aðildarríkin skulu senda hvert öðru og framkvæmdastjórninni fyrirmynðina að vegabréfinu og jarðabókinni sem eru notuð á yfirráðasvæði þeirra.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. apríl 2004.

11. október 2011

III. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

11. gr.

1. Reglugerð (EB) nr. 2629/97 er hér með felld úr gildi.
2. Líta ber á tilvísanir í reglugerð (EB) nr. 2629/97 sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka þessarar reglugerðar.

12. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. maí 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

Nr. 969

11. október 2011

I. VIDAUKEI

Kóðinn á eyrnamerkni nautgripa skal byrja á bókstöfunum sem auðkenna upprunaaðildarríkið í samræmi við eftirfarandi töflu:

Upprunaaðildarríki	ISO-kóði
Austurríki	AT
Belgía	BE
Tékkland	CZ
Kýpur	CY
Danmörk	DK
Eistland	EE
Finnland	FI
Frakkland	FR
Pýskaland	DE
Grikkland	EL
Ungverjaland	HU
Írland	IE
Ítalía	IT
Lettland	LV
Litháen	LT
Lúxemborg	LU
Malta	MT
Holland	NL
Pólland	PL
Portúgal	PT
Slóvenia	SI
Slóvakia	SK
Spánn	ES
Svíþjóð	SE
Breska konungsríkið	UK

B-deild – Útgáfud.: 27. október 2011